



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2023

## ÍSAN1GB05

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir
----------	------------------------

### Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarámanum (skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

**Undanfari:** Reiknað er með að nemendur hafi lokið ÍSAN1GA05.

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðflokkum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum.
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta (fréttir, sögur)
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

**Námsefni:**

- Verkefnablöð frá kennara
- Íslenska fyrir okkur hin (kláruð)
- Kæra dagbók 2 og 3 (námsefni frá MMS)
- Hitt og þetta (námsefni frá MMS)
- Fréttir, blaðagreinar og annað efni af vef
- Menntamálastofnun – léttlestrarbækur og verkefni
- Hlustun og áhorf (af vef RUV o.fl.)

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
	18.ágúst- 10.september	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningur, ritun og málnotkun</li> <li>• Tónlistar- og textaverkefni</li> <li>• Hlustun og áhorf</li> </ul>	Hlustunarverkefni Ritunarverkefni Munnleg kynning Lesskilningspróf
	11. september- 8.október	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningur, ritun og málnotkun</li> <li>• Hlustun og áhorf</li> <li>• Dagbókarskrif og önnur ritun</li> <li>• Málfræðiverkefni</li> </ul>	Próf úr „Kæra dagbók“ Munnlegt próf Hlustunarverkefni Ritunarverkefni
	9.október- 5.nóvember	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Áhugasviðsverkefni. Lesið efni og unnin kynning, skrifleg og munnleg á viðfangsefni sem tengist áhugasviði nemandans.</li> <li>• Lesskilningur, ritun og málnotkun</li> <li>• Skáldsaga (léttlestur) og verkefni</li> </ul>	Hlustunarverkefni Ritunarverkefni Munnleg kynning Lesskilningspróf
	6.nóvember- 3.desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesskilningur, ritun og málnotkun</li> <li>• Hlustun og áhorf</li> <li>• Dagbókarskrif og önnur ritun</li> <li>• Málfræðiverkefni</li> </ul>	Munnlegt próf Málfræðipróf Hlustunarpróf
	4.desember- 24.desember	Kennslu lýkur fyrir jólafrí 6. desember Ekkert lokapróf en öllum verkefnum þarf að vera lokið með lágmarkseinkunn	

--	--	--	--

**Sérreglur áfangans:** Ekkert lokapróf er úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum námsþáttum og próf eftir atvikum. Námsmat fer fram alla önnina.

**Námsmat (skilaverkefni):**

Talað mál og hlustun: 25%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 25%

Skilaverkefni - *Áhugasviðsverkefni*: 15%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Ágúst 2023

Sigprúður Harðardóttir